

Ábyrgar fiskveiðar ses



Ábyrg stjórn fiskveiða

Kröfulýsing fyrir vottun á rekjanleika

**Tæki sem nota má á mörkuðum
fyrir vottaðar sjávarafurðir**

FYRIRVARI: Þetta skjal er þýðing á kröfulýsingu sem upprunalega var rituð á ensku. Enski textinn er grundvöllur faggiltrar vottunar í umsjón Global Trust Certification Ltd. á Írlandi. Ef misræmi reynist milli ensku og íslensku útgáfunnar þá gildir enska útgáfan.

Efnisyfirlit

		Síða
A	Formáli	3
B	Meginatriði ferlisins	5
C	Yfirlit yfir ferli vottunar á rekjanleika	6
D	Efni kröfulýsingar um vottun á rekjanleika	10
1.0	Almennar reglur um rekjanleika á uppruna	10
2.0	Rekjanleiki innan virðiskeðjunnar	11
3.0	Rekjanleiki og merkingar	12

A. Formáli

Kröfulýsing fyrir vottun á rekjanleika hefur verið unnin á vettvangi **Fiskifélags Íslands**, með styrk frá **AVS rannsóknarsjóði í sjávarútvegi, sem starfar á vegum Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins**.

Fiskifélag Íslands (FAI) var stofnað árið 1911. Fiskifélag Íslands er samtök félagasamtaka í sjávarútvegi. Tilgangur Fiskifélags Íslands er að vera sameiginlegur samstarfsvettvangur samtaka í sjávarútvegi með það að markmiði að auka veg og virðingu íslensks sjávarútvegs.

Helstu markmið Fiskifélags Íslands eru að efla framfarir í íslenskum sjávarútvegi, og bjóða fram umbeðna þjónustu fyrir opinberar stofnanir og aðra hagsmunaaðila eftir atvikum. Markmiðum sínum hyggst félagið ná með því að takast á hendur verkefni sem varða sjávarútveginn í heild og víðtæk samstaða næst um að félagið sinni.

Eftirfarandi félagasamtök eru aðilar að Fiskifélagi Íslands:

Landssamband íslenskra útvegsmanna (LÍÚ)
Samtök fiskvinnslustöðva (SF)
Landssamband smábátæigenda (LS)
Sjómannasamband Íslands (SSI)
Starfsgreinasamband Íslands (SGS)
Félag vélstjóra og málmtæknimanna (VM)
Félag skipstjórnarmanna (FS)

Kröfulýsingin er hluti af verkefninu um ábyrga fiskveiðistjórn sem er byggt á siðareglum FAO frá 1995 um ábyrgar fiskveiðar og leiðbeiningum frá FAO um umhverfismerkingar fisks og fiskafurða úr sjávarafli sem tóku gildi árið 2005 og voru endurbættar/auknar árið 2009. Ofangreind skjöl eru byggð á núgildandi alþjóðasamningum sem fjalla um fiskveiðar, einkum hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna frá 1982, samningi um verndun deilistofna og víðförulla fiskistofna og stjórnun veiða úr þeim frá 1995 og tengdum skjölum, m.a. Reykjavíkuryfirlýsingunni um ábyrgar fiskveiðar í vistkerfi sjávar svo og öðrum viðkomandi skjölum frá ISO og öðrum aðilum.

Verkefnið skiptist í **two samstæða hluta**:

- Kröfulýsingu fyrir ábyrga fiskveiðistjórnun.
- Kröfulýsingu fyrir vottun á rekjanleika.

Vottun á rekjanleika er afrakstur viðræðna og samskipta milli fulltrúa framleiðenda, markaða, eftirlitsaðila og sérfræðinga á sviði stöðlunar og vottunar. Kröfulýsingin hefur verið birt opinberlega í 30 daga þannig að almenningur og hagsmunaaðilar hafi getað kynnt sér hana og gert athugasemdir. Hún er til marks um vitund og viðhorf almennings og er tæki sem hægt er að nota til að meta þær aðferðir sem beitt er í starfsgreininni.

Fiskifélag Íslands kom á fót Tækninefnd þar sem sitja fulltrúar frá helstu hagsmunaaðilum og hafði nefndin umsjón með þróun kröfulýsingarinnar. Tækninefndin hefur samþykkt þær kröfur sem gerðar eru til vottunar samkvæmt þessari kröfulýsingu.

Vottunarverkefnið er byggt á alþjóðlegum, faggiltum stöðlum, ISO/IEC 17065:2012, þannig að tryggt er að vottunarferlið sé samræmt, faglegt og óháð.

Faggilding vottunar samkvæmt ISO/IEC 17065:2012 stöðlunum sem framkvæmd er af faggildingaraðila innan raða alþjóðasamtaka faggildingaraðila (International Accreditation Forum), veitir verkefninu trúverðugleika á alþjóðamarkaði og tryggir að afurðir sem hljóta vottun samkvæmt verkefninu njóti viðurkenningar byggt á þekktum kröfum. Sýna skal að kröfur séu uppfylltar byggt á ströngu ferli sannprófunar og úttektar sem framkvæmd er af hæfum þriðja vottunaraðila.

Tilgangur kröfulýsingarinnar er að bjóða hinum ýmsu greinum sjávarútvegs upp á skýra yfirlýsingu um þær kröfur sem umsækjendur þurfa að uppfylla til að hljóta vottun á rekjanleika. Vottun í samræmi við efni kröfulýsingarinnar gefur til kynna skuldbindingu um að leyfisbundin notkun auðkennismerkis vottunar muni gefa viðskiptavinum og neytendum upplýsingar um uppruna íslensks fisks.

Sérstakt auðkennismerki vottunar hefur verið hannað sem nota má til að sýna að vottuð afurð uppfylli kröfulýsingu fyrir vottun á rekjanleika sem er hluti af verkefninu um ábyrga fiskveiðistjórnun.

Kröfurnar um rekjanleikavottun verða sífellt endurskoðaðar og endurbættar í gegnum fyrirkomulag verkefnisins til að tryggja að þær þjóni áfram þörfum bæði hagsmunaaðila og neytenda.

B: Meginatriði ferlisins

Til þess að hljóta vottun samkvæmt kröfulýsingu fyrir rekjanleika þurfa umsækjendur að sýna fram á að þeir uppfylli kröfurnar með tilstilli óháðrar úttektar sem framkvæmd er af viðurkenndum vottunaraðila.

Vottunaraðilinn skal vera viðurkenndur og hæfnisvottaður í samræmi við ISO/IEC 17065:2012; Almennar kröfur fyrir aðila sem starfrækja vottunarkerfi fyrir afurðir (General Requirements for Bodies Operating Product Certification Systems) af faggildingaraðila sem er meðlimur í alþjóðasamtökum faggildingaraðila (International Accreditation Forum).

Hinn tiltekni vottunaraðili skal setja upp samning milli umsækjanda og vottunaraðilans þar sem koma fram kröfur og skuldbindingar sem umsækjandinn skal uppfylla og fara eftir.

Markmiðið með vottun á rekjanleika er að tryggja að merking um vottun á sjávarafurð staðfesti að afurðin eigi uppruna sinn úr vottuðum veiðistöfni þar sem veiðum er stjórnað með ábyrgum hætti.

Þar sem þess er þörf innan virðis_keðjunnar verða sérstakar túlkanir á kröfum í kröfulýsingunni um rekjanleika til að tengja þær við ákveðin þrep virðis_keðjunnar, til dæmis framleiðslu, vinnslu, dreifingu og sölu sjávarafurða.

Skilgreiningar

Rekjanleiki (skilgreining FAO)

Aðgerðir sem eru skipulagðar til að tryggja að sjávarafurðin sem sett er á markað og er með auðkennismerki vottunar sé í raun afurð með tilgreindan uppruna og komi úr hinum vottuðu veiðum. Aðgerðirnar ná þannig yfir feril/rekjanleika sjávarfangs í gegnum vinnslu, dreifingu og markaðssetningu þess og einnig viðeigandi feril þeirra skjala og eftirlit varðandi það magn sjávarfangs sem um ræðir.¹

Umsækjandinn: Fyrirtæki eða hópur fyrirtækja í virðis_keðjunni sem hefur formlega sótt um vottun á rekjanleika á formlegu umsóknareyðublaði.

Vottaður umsækjandi: Fyrirtæki eða hópur fyrirtækja í virðis_keðjunni sem hefur verið formlega vottað af vottunaraðila um að það uppfylli kröfur í samræmi við kröfulýsinguna um rekjanleika.

Vottaðar fiskveiðar: Fiskveiðar sem fengið hafa óháða vottun um að þær uppfylli kröfur í samræmi við kröfulýsingu Fiskifélags Íslands um ábyrga fiskveiðistjórnun. (FAI: Responsible Fisheries Management Specification, september 2010).

Kröfulýsing fyrir rekjanleikavottun: Listi yfir kröfur sem umsækjandinn þarf að uppfylla til að geta lýst sig vottaðan í samræmi við kröfulýsingu fyrir rekjanleika og/eða hagnýtt sér þá yfirlýsingu.

¹ FAO Guidelines for the Ecolabelling of Fish and Fishery Products from Marine Capture Fisheries, Rome 2005 + 2009

Vottuð virðisþeigja: Umsækjandi er fyrirtæki eða hópur fyrirtækja í virðisþeigjunni sem getur sýnt fram á öll vottuð þrep aftur til hinna vottuðu veiða.

Yfirlýsing um vottun: Yfirlýsing sem vottaður umsækjandi gerir og sem eigandi kröfulýsingarinnar hefur samþykkt til notkunar og gefið leyfi fyrir.

Umhverfismerki: Áberandi merki eða yfirlýsing sem staðfestir að fiskurinn er fenginn úr vottuðum veiðum og er rekjanlegur til þeirra.

Væntanlegur umsækjandi: Fyrirtæki eða hópur fyrirtækja í virðisþeigjunni sem hafa í hyggju að sækja um vottun um rekjanleika.

Staða í virðisþeigju: Tiltekinn staður fyrir meðhöndlun eða flutning í virðisþeigjunni, t.d. veiðiskip, þökkun, vinnsla, dreifing, sala.

C. Yfirlit yfir ferli fyrir rekjanleikavottun, byggt á FAO

Framkvæmd vottunar á rekjanleika er í höndum óháðs vottunaraðila - Global Trust Certification.

Vottunarferlið skiptist í allmörg aðskilin stig sem er lýst hér að aftan.

1. stig. Beiðni um upplýsingar

Beiðni getur komið fram um upplýsingar frá væntanlegum umsækjanda í virðisþeigjunni. Væntanlegur umsækjandi getur verið:

- Hópur fiskiskipa
- Framleiðandi
- Framhaldsvinnsla
- Dreifingarfyrirtæki
- Markaður / smásala / veitingastaður

Væntanlegir umsækjendur geta farið fram á upplýsingar frá eiganda kröfulýsingarinnar eða vottunaraðilanum um vottunarferlið, kröfur kröfulýsingarinnar, vottunarkostnað og tímasetningar til að öðlast vottun.

Umsækjendum er bent á að bera sig sjálfa saman við kröfulýsinguna til að ganga úr skugga um hve reiðubúnir þeir eru fyrir úttekt vottunaraðila.

Umsækjendum er bent á að upplýsingar sem þeir kunna að gefa vottunaraðila verða trúnaðarmál.

Aðrar upplýsingar

Nánari upplýsingar um umsóknina, reglur og reglugerðir, eru fáanlegar frá eiganda kröfulýsingarinnar eða Global Trust.

Upplýsingar um eiganda að kröfulýsingunni	Global Trust Certification Ltd.
Fiskifélag Íslands	Írland: 00 353 42 932 0912
Pósthólf 8214,	Seattle 001 206 273 7795
128 Reykjavík,	Flórída 001 813 975 7450
Ísland	St John's: 001 709 765 1000
	Bretland: 00 44 1829 730892

2. stig. Útfylling á umsóknareyðublaði

Ef væntanlegur umsækjandi óskar þess að halda áfram með umsóknina er þess óskað að hann veiti vottunaraðilanum formlega upplýsingar um atriði er varða meðferð hans á afurðum og fyrri aðfangakeðju og noti til þess umsóknareyðublaðið um rekjanleika.

Einstakir hópar eða samtök hópa geta lagt fram umsókn.

Þegar formlegt umsóknareyðublað hefur borist vottunaraðila þá verður væntanlegur umsækjandi að formlegum umsækjanda.

3. stig. Vottunaraðili undirbýr úttektaráætlun

Sérhver umsækjandi og virðisikeðja hans er einstök og þess vegna mun vottunaraðili setja saman viðeigandi úttektaráætlun til að sannreyna rekjaneikann á afurð umsækjandans og virðisikeðju hennar sem var sérstaklega tilgreind í umsókn.

Umsækjandi skal tryggja að öll viðeigandi framleiðslustig og fyrirtæki sem tilgreind eru og eiga þátt í vinnslu afurðarinnar áður en komið er að þrepi umsækjandans sjálfs séu hvött til að sækja einnig um vottun.

Vottunaraðili lætur umsækjanda í té úttektaráætlun og yfirlit yfir úttektarskostnað sem byggð er á þeim upplýsingum sem fram koma í umsókn.

Þegar umsækjandi veitir formlegt samþykki sitt fyrir úttektaráætluninni, efnisatriðum kröfulýsingar og hefur greitt kostnað af úttekt, getur úttekt hafist.

4. stig. Úttektin

Úttekt á starfsemi umsækjandans í virðisikeðjunni er framkvæmd af óháðum úttektaraðila sem er viðurkenndur af vottunaraðilanum og starfar á hans vegum. Úttektin er gerð með samanburði við kröfulýsingu á rekjanleika og samkvæmt úttektaráætluninni.

Það er á ábyrgð umsækjanda að tryggja að upplýsingar sem tilgreindar eru í umsókn séu réttar og nákvæmar þannig að úttektaráætlunin sé viðeigandi.

Úttektarmaður vottunaraðilans framkvæmir úttekt á óháðan, faglegan og tillitssaman hátt.

Meginatriðin í kröfulýsingunni fyrir rekjanleika eru kröfur um eftirfarandi:

Kerfi fyrir auðkenni afurðar
Kerfi fyrir rekjanleika
Kerfi fyrir aðskilnað, ef við á

5. stig. Úttektarskýrslan

Meðan á úttekt stendur skal úttektaraðili semja skýrslu um niðurstöður sem sýna að hvaða leyti umsækjandi stenst/stenst ekki kröfulýsingu um rekjanleika.

Þar sem þess er þörf innan virðis_keðjunnar verða sérstakar túlkanir gerðar á kröfum í kröfulýsingunni um rekjanleika til að tengja þær við ákveðin þrep í keðjunni, til dæmis framleiðslu, vinnslu, dreifingu og sölu sjávarafurða.

Úttektarskýrslan á að tilgreina öll frávik miðað við efni kröfulýsingar um rekjanleika. Umsækjendum skal gert að bregðast við öllum frávikum með úrbótum.

6. stig. Ákvörðun um vottun

Úttektarskýrsla umsækjandans og allar nauðsynlegar aðgerðir til úrbóta eru lagðar fyrir vottunarnefnd til úrskurðar um vottun.

Í vottunarnefndinni sitja aðilar sem hafa jafn mikla hæfni og matsfulltrúinn og með sérþekkingu á vottun.

7. stig. Vottun

Ef niðurstaða úttektar leiðir til vottunar, skal vottunarskírteini gefið út, að jafnaði ekki síðar en 30 dögum frá dagsetningu matsins. Ef útgáfa skírteinis innan þess tímaramma næst ekki, skal vottunarnefndin senda umsækjanda skriflega tilkynningu þar sem kemur fram hver er væntanlegur útgáfudagur og ástæðurnar fyrir töfunum.

Skírteinið er áfram í eigu vottunaraðilans og stjórnun og umsjón með stöðu vottunarskírteinis skal vera fyrir hendi.

Vottunarskírteini gilda í þrjú ár og fer endurmat fram árlega. Fyrsta vottun (til handa umsækjanda sem sækir um í fyrsta sinn) verður ekki veitt ef úrbætur á frávikum eru ófrágengnar.

Vottun helst í gildi ef til staðar eru efnislegar og sýnanlegar staðfestingar á að umsækjandi uppfylli áfram viðmið viðkomandi kröfulýsingar. Staðfesta þarf að hvers konar ósamræmi sem upp kemur hafi verið lagfært, með hlutlægum sönnunum innan tímamarka sem gefin eru upp í viðeigandi kröfulýsingu.

Umsækjandi fær vottun á sinni starfsemi í virðis_keðjunni ef hann uppfyllir greinilega efnisatriði kröfulýsingar um rekjanleika.

Áður en full vottun um rekjanleika er gefin út skal vottunaraðilinn meta sérhverja afurð umsækjanda sem málið varðar í starfsemi hans og hverju þrepi virðis_keðjunnar þar á undan sem tilgreind er í umsókn og bera saman við kröfulýsinguna um rekjanleika.

8. stig. Aðgangur að auðkennismerki vottunar

Vottaðir umsækjendur geta sótt um leyfi til að nota auðkennismerki vottunar til eiganda kröfulýsingarinnar.

Aðeins þeir framleiðendur sem geta sýnt fram á vottun á rekjanleika aftur til veiðanna geta sótt um til eiganda kröfulýsingarinnar um leyfi til að nota auðkennismerki vottunar.

Áfrýjun

Umsækjandi hefur rétt til að áfrýja ákvörðun vottunaraðilans um vottun. Beiðni um áfrýjun þarf að leggja fram skriflega innan sjö daga frá ákvörðuninni um vottun.

Stjórnandi á vegum vottunaraðilans mun gefa út ítarlegt svar, óháð matsaðilanum og vottunarnefndinni.

D. Skilyrði sem uppfylla þarf samkvæmt kröfulýsingu um rekjanleikavottun

Kröfulýsingin fjallar um þær kröfur sem þarf að votta að séu uppfylltar til að tryggja að sjávarafurðin, sem sett er á markað og er með auðkennismerki vottunar sé raunveulega afurð með tilgreindan uppruna og komi úr hinum vottuðu veiðum. Aðgerðirnar ná þannig yfir rekjanleika sjávarfangs eftir allri keðjunni frá vinnslu um dreifingu til markaðssetningar auk viðeigandi ferils skjala og eftirlits með því magni sjávarfangs sem um ræðir.²

1.0 Almennar grunnreglur um rekjanleika uppruna

- 1.1 Umsækjandi skal hafa skrásetta stefnu um að hann skuldbyndi sig til að fara að ákvæðum kröfulýsingar um rekjanleika.
- 1.2 Sjávarafurðir mega ekki bera auðkennismerki vottunar til að gefa til kynna að þær eigi uppruna sinn í veiðum sem lúta ábyrgri fiskveiðistjórn, nema að vottað hafi verið að þær uppfylli kröfulýsinguna um rekjanleika.
- 1.3 Allar sjávarafurðir sem bera auðkennismerki vottunar úr vottuðum veiðum þurfa að vera auðkennanlegar og þar sem þörf er á skal ávallt hafa þær greinilega aðskildar frá afurðum úr óvottuðum veiðum.
- 1.4 Rekjanleikakerfi þurfa að vera til staðar sem geta greint sjávarafurðir með vottunarmerkingu og rakið þær til baka til vottaðra veiða.
- 1.5 Viðurkennd og samþykkt auðkennismerking þarf að vera til staðar þar sem við á fyrir hvert þrep í virðiskeðjunni allt frá veiðum til neytandans.
- 1.6 Öll þrep í virðiskeðjunni þar með taldar framhaldsvinnslur eða aðrir kaupendur skulu uppfylla viðeigandi kröfur opinberra reglna ríkis eða svæðis um merkingu og rekjanleika.
- 1.7 Umsækjandinn skal hafa til reiðu kerfi til að tryggja að keyptar sjávarafurðir sem bera auðkennismerki vottunar blandist ekki saman við sjávarafurðir sem ekki hafa hlotið vottun í flutningum til og frá stað og í geymslu hjá þriðja aðila, ef það á við.

2.0 Rekjanleiki innan virðiskeðjunnar

- 2.1 Hægt þarf að vera að rekja hverja sendingu af sjávarafurðum til hinna vottuðu veiða og skulu eftirfarandi upplýsingar vera til reiðu að lágmarki:
 - Nafn tegundar
 - Veiðisvæði
- 2.2 Halda skal hráefni úr vottuðum veiðum aðskildu frá hráefni úr veiðum sem ekki hafa hlotið vottun allt frá fiskvinnslu, um dreifingu og til markaðssetningar ef afurðirnar eiga að bera auðkennismerki vottunar. Þetta er hægt að gera með:

² FAO Guidelines for the Ecolabelling of Fish and Fishery Products from Marine Capture Fisheries, Rome 2005/ 2009

- Aðskilnaði í rúmi
- Aðskilnaði í tíma

- 2.3 Ef fiski úr vottuðum og óvottuðum veiðum er blandað saman þá er hann ekki hæfur til að fá auðkennismerki vottunar til staðfestingar þess að hann komi úr hinum vottuðu veiðum samkvæmt þessu vottunarverkefni.
- 2.4 Umsækjandinn þarf að starfrækja kerfi sem gerir kleift að staðfesta skriflega að framleiðsla eða framleiðslulota sem fyrirtækið selur eigi uppruna sinn í vottuðum veiðum.
- 2.5 Allir umsækjendur þurfa að koma upp verkferlum í virðiskeðjunni til að taka á hvers konar frávikum í kerfinu um rekjanleika.
- 2.6 Umsækjandinn skal starfrækja kerfi fyrir innköllun á afurðum sem skal virkjað ef vottaðar sjávarafurðir blandast saman við óvottaðar. Tilkynna skal viðkomandi vottunaraðila þegar vottaðar afurðir eru innkallaðar.

3.0 Rekjanleiki og merki

- 3.1 Umsækjandi skal prófa virkni lotustýringa og rekjanleikakerfisins með því að framkvæma innri úttekt með nákvæmlega skráðum niðurstöðum ekki sjaldnar en einu sinni á ári.
- 3.2 Skrifleg staðfesting skal vera til staðar sem sannreynir uppruna vottaðrar sjávarafurðar í vottuðum veiðum.
- 3.3 Vottaðar sjávarafurðir skulu merktar eða auðkenndar sem tryggir að þær séu rekjanlegar við þökkun, geymslu, meðhöndlun og afhendingu.
- 3.4 Í hverju þrepi virðiskeðjunnar þarf að vera hægt að rekja vottaða afurð og fylgja henni eitt þrep fram og eitt aftur og þannig til hinna vottuðu veiða.
- 3.5 Ef einhver frávik finnst við innri úttekt eða eftir öðrum leiðum skal leysa úr þeim á viðeigandi hátt með áætlun um úrbætur.
- 3.6 Sérhver afurð sem er vottuð og auðkennd skal merkt með öllum nauðsynlegum upplýsingum. Eftirfarandi upplýsingar þurfa að koma fram:
 - Fisktegund
 - Upprunaland
 - Veiðisvæði
 - Lýsing á afurðinni
 - Auðkenni afurðar eða framleiðslunúmer.
- 3.7 Í geymslu og við flutning vottaðrar sjávarafurðar skal hver eining hafa auðkennisnúmer sitt á umbúðum eða í fylgiskjöllum.
- 3.8 Umsækjandinn skal nota öruggt kerfi til að búa til, geyma og nota auðkennismerki vottunar á umbúðir i og skal hann tryggja að aðeins vottaðar sjávarafurðir beri slíka merkingu.
- 3.9 Halda skal skrá yfir allar vottaðar sjávarafurðir sem móttæknar eru þar sem kemur fram nafn birgis, einkvæmt vottunarnúmer fyrir rekjanleika, staðfesting á að vottorðið sé gilt og nægar

aðrar upplýsingar sem gera mögulegt að rekja hráefnið aftur til birgjanna og hinna vottuðu veiða.

- 3.10 Skjöl varðandi rekjanleika skulu vera aðgengileg hvenær sem er ef þeirra er óskað af viðkomandi fyrirtækjum af hvaða ástæðu sem er og þurfa þau að vera nákvæm, læsileg og ósvikin.
- 3.11 Öll skjöl um rekjanleika skulu varðveitt í hæfilegan tíma, að lágmarki 3 ár.
- 3.12 Ef einhver frávik finnst við ytri úttektir eða með öðrum leiðum þarf að leysa úr þeim á viðeigandi hátt með áætlun um úrbætur.
- 3.13 Úrbætur á frávikum eiga m.a. að fela í sér skjalfestar leiðréttingar og aðgerðir til úrbóta innan tiltekinna tímamarka.
- 3.14 Umsækjandinn skal varðveita skjalfesta skrá yfir kvartanir viðskiptavina eða viðbrögð varðandi merktar, vottaðar sjávarafurðir.